

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

Að milli Naustabryggju 21 og Naustabryggju 31 verði sérstaklega merkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, 4. febrúar 2021.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir skrifstofustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 25. febrúar 2021